

BYGGINGASVIÐ – Viðhald mannvirkja



VIÐHALD MANNVIRKJA

Verkís býður upp á fjölbætta þjónustu og ráðgjöf sérfræðinga á sviði viðhaldsmála. Hér fer saman áratuga reynsla starfsmanna Verkís af hefðbundnu viðhaldi og sá styrkleiki að eiga sérfræðinga í fremstu röð innan hvers fagsviðs verkfræðinnar. Verkís starfar samkvæmt vottuðu gæðakerfi og leggur metnað sinn í að leita bestu og hagstæðustu lausna hverju sinni handa viðskiptavinum sínum.

Verkís býður upp á margvíslega ástandsráðgjöf sem nær frá sérfræðiaðstoð vegna fasteignakaupa einstaklinga til sértækra viðhaldsáætlana og breytinga stórra mannvirkja. Ástandsráðgjöf fylgir ávallt mat á kostnaði.

ALMENN RÁÐGJÖF UM ÁSTAND MANNVIRKJA

Almenn ráðgjöf fyrir einstaklinga, húsfélög og fasteignafélög felst yfirleitt í fjórum grunnleiðum ástandsráðgjafar eftir því hve ítarlegar óskir viðskiptavina okkar eru. Þessar fjórar leiðir nefnast ástandsblað, ástandsskoðun, ástandsmat og ástandsskýrsla.

SÉRHÆFÐ RÁÐGJÖF Á ÁSTANDI MANNVIRKJA

Undir sérhæfða ráðgjöf á ástandi og viðhaldi mannvirkja fellur t.d. ráðgjöf um viðhald gamalla bygginga (sérstaklega gömul timburhús), innivist, ráðgjöf vegna húsasóttar og myglu. Að auki býður Verkís sérhæft steinsteypuviðhald, úrbætur á hljóðvist, lýsingu og brunamálum. Verkís hefur mikla reynslu af viðhaldi á veitu og orkumannvirkjum.

ÚTBOÐSGÖGN OG SAMNINGAR

Að lokinni ástandsráðgjöf getur verið að viðskiptavinur ákveði að ráðast í framkvæmdir. Þá þarf að útbúa útboðsgögn sem eru unnin á grundvelli ástandráðgjafar. Í útboðsgögnum eru útboðslýsing og verklýsingar. Ítarleg og vönduð útboðsgögn eru nauðsynleg fyrir vel heppnað verk. Eftir að útboðsgögn hafa verið gerð er leitað tilboða, hagstæðasta tilboði tekið og gerður skriflegur verksamningur.

EFTIRLIT

Grunnurinn að vel heppnuðu verki er gott og viðurkennt handbragð verktaka og gott eftirlit, en Verkís hefur mikla reynslu af því. Viðskiptavinir ákveða hversu ítarlegt eftirlit er og er slíkt ávallt ákveðið í samráði við hann. Mikill auður felst einnig í þekkingu starfsmanna Verkís á traustum og viðurkenndum verktökum.

Sviðsstjóri Byggingasviðs er Flosi Sigurðsson.

GILDI VERKÍS

Verkís kappkostar að láta gott af sér leiða fyrir viðskiptavini, starfsmenn, samstarfsaðila, þjóðfélagið og umhverfið. Gildi Verkís eru

- Virðing fyrir fólki
- Traust og heiðarleiki
- Þekking og fagmennska
- Þjóðfélagsleg ábyrgð
- Virðing fyrir umhverfinu

STARFSSVIÐ VIÐHALDSMÁLA

Ástandsráðgjöf

- Ástandsblað
- Ástandsskoðun
- Ástandsmat
- Ástandsskýrsla

Viðskiptavinir

- Húsfélög
- Einstaklingar
- Fasteignafélög

Sérhæfð ráðgjöf

- Gömul byggingarlist
- Húsasótt
- Steinsteypuviðhald
- Hljóðvist
- Lýsing
- Brunamál
- Veitu og orkumannvirki
- Breytingar á eldri lagna- raflagna- og loftræstikerfum

Útboðsgögn og samningar

- Útboðsgögn og lýsing
- Verklýsing
- Samningar

Eftirlit

- Grunnur að góðu verki er gott eftirlit
- Ákveðið í samráði við verkkaupa
- Mikil þekking á traustum verktökum

